EFTIRLITSSKÝRSLA

UOS-3307

Rekstraraðili Samherji fiskeldi ehf. kt: 6104061060	**Tegund starfsemi** Eldi sjávar- og ferskvatnslífvera	**Starfsleyfisnúmer:** UST-2020-L010-01 **Gildistími starfsleyfis** 2. júlí 2036
Starfsstöð Sigtún	**Tegund eftirlits** Reglubundið eftirlit	**Dagsetning eftirlits** 10. nóvember 2026
Starfstöðvarnúmer: ET-0465	**Eftirlitsmaður** Kjartan Guðmundsson	**Útgáfudagur skýrslu** 25. nóvember 2026

Tengiliðir

Tengiliður	Titill
Thomas Helmig	

Niðurstaða eftirlits

Engin ný frávik frá starfsleyfi komu fram við eftirlit. Ein ábending var sett fram. Engin frávik voru opin frá fyrra eftirliti.

Umfang eftirlits

Fram fór reglubundið eftirlit án vettvangsheimsóknar hjá Samherja fiskeldi ehf. að Sigtúnum í Öxarfirði þann 10. nóvember 2026. Fyrirtækið rekur þar klakfiskastöð fyrir bleikju og heimilar starfsleyfi hámarkslífmassa allt að 11 tonn á hverjum tíma. Samkvæmt ársyfirlitum er lífmassi í stöðinni nokkuð stöðugur og var 8–9 tonn árin 2024 og 2025 og telst stöðin innan umfangs starfsleyfis.

Ársyfirlit fyrir árið 2024 barst eftirlitsaðila þann 29. apríl 2025.

Ársyfirlit og umhverfisupplýsingar (grænt bókhald) fyrir árið 2025 bárust eftirlitsaðila þann 30. apríl 2026.

Skoðaðar voru niðurstöður mælinga á inntaki, frárennsli og viðtaka fyrir árin 2024 og 2025. Mælingar voru gerðar í samræmi við starfsleyfi og ákvörðun Umhverfisstofnunar frá 29. júní 2023 um fækkun mælinga á heildarfosfór og heildarköfnunarefni úr tveimur í eina á ári.

Samkvæmt gr. 3.4 í starfsleyfi má losun fosfórs í viðtaka ekki fara fram úr 10 kg á hvert tonn lífmassaaukningar á ári. Árið 2025 mældist styrkur fosfórs í frárennsli 0,1 mg/l hærri en í inntaki, en sá mismunur jafngildir minnstu upplausn mæliaðferðarinnar. Byggt var á einni mælingu og er mæliaðferðin ekki nægilega næm til að meta losun frá stöðinni með áreiðanlegum hætti. Þá miða losunarmörk starfsleyfis við lífmassaaukningu, en þar sem um klakstöð er að ræða, þar sem hrogn eru kreist úr fullvöxnum fiski og send úr stöðinni, verður óveruleg lífmassaaukning í stöðinni. Er því ekki unnt að meta hvort losun fosfórs hafi verið umfram mörk starfsleyfis. Rekstraraðila er bent á að kanna hvort hægt sé að meta losun næringarefna frá stöðinni með nákvæmari hætti, t.d. með næmari greiningaraðferð eða fleiri sýnum, sbr. gr. 3.5 og 4.3 í starfsleyfi.

Engin mengunaróhöpp eða kvartanir hafa verið skráð frá síðasta eftirliti.

Ábendingar

Rekstraraðila er bent á að mælingar á heildarfosfór og heildarköfnunarefni í inntaki og frárennsli þurfa að vera nægilega nákvæmar til að hægt sé að meta hvort losun sé innan marka starfsleyfis, t.d. með næmari greiningaraðferð eða fleiri sýnum, sbr. gr. 3.5 og 4.3 í starfsleyfi.

Lagagrunnur eftirlits

Eftirlit Umhverfis- og orkustofnunar er framkvæmt með vísan til 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Að loknu eftirliti eru gefin út drög að eftirlitsskýrslu og hefur rekstraraðili tvær vikur frá birtingu þeirra til að koma á framfæri athugasemdum. Að þeim fresti liðnum er gefin út lokaskýrsla.

Rekstraraðili hefur þrjár vikur frá dagsetningu lokaskýrslu til að skila inn úrbótaáætlun, sbr. 58. gr. reglugerðar nr. 550/2018.

Athygli er vakin á heimild Umhverfis- og orkustofnunar til beitingar þvingunarúrræða skv. 61. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, sbr. einni XVII. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Umhverfis- og orkustofnun innheimtir gjald fyrir vinnu sérfræðings vegna eftirfylgni eftirlits og beitingar þvingunarúrræða, sbr. 22. gr., sbr. og 1. gr. gjaldskrár nr. 1033/2025.